

**Ed.**

**707. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 78 19. júní 1933, um Kreppulánasjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

**1. gr.**

Aftan við 15. gr. laganna bætist:

Heimilt skal þó stjórn Kreppulánasjóðs, með samþykki landbúnaðarráðherra, að verja allt að 250000 kr. af reiðufé sjóðsins til greiðslu hluta af þeim kröfum, sem lánsstofnanir eða einstakir menn eignast á ábyrgðarmenn lán-takenda úr Kreppulánasjóði, vegna þess að kröfurnar fást ekki greiddar að fullu úr sjóðnum, gegn því, að ábyrgðarkröfurnar séu látnar niður falla.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og ná ákvæði þeirra jafnt til þeirra krafna, sem til eru orðnar fyrir gildistöku laganna, og þeirra, er síðar kunna að verða til.